



BREYTING Á SVÆÐISSKIPULAGI AUSTUR - HÚNAVTNSSÝSLU 2004 - 2016 - í landi Sölvabakka urðun og efnistaka, í landi Hnjúka iðnaðar- athafnasvæði og í landi Axlar II opið svæði til sérstakra nota og verslunar- og þjónustusvæði.



Staðfest Svæðisskipulag frá 4. júlí 2005 mkv. 1:50.000. (Heimild:Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur 2005).



Tillaga að breytingu á Svæðisskipulagi mkv. 1:50.000.

GREINARGERÐ

Gerðar eru þrjár breytingar á svæðisskipulagi Austur - Húnavatnssýslu 2004 – 2016. Í fyrsta lagi er landbúnaðarsvæði í landi Sölvabakka breytt í sorpförgunar- og efnistökusvæði í öðru lagi er landbúnaðarsvæði í landi Hnjúka við Blönduós breytt í iðnaðar- og athafnasvæði og í þriðja lagi er landbúnaðarsvæði á Öxl II í Húnavatnshreppi breytt í verslunar- og þjónustusvæði og opið svæði til sérstakra nota.

1. Sölvabakki í Blönduósbæ landbúnaðarsvæði breytt í sorpförgunar- og efnistökusvæði Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir urðunarstað við Sölvabakka í Blönduósbæ sem þjóna mun þjónustusvæði byggðarsamlagsins Norðurár bs. Að Norðurá bs. standa Akrahreppur, Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd. Samhliða gerð urðunarhólfis verður sand- og malarefni sem ekki nýtist á urðunarstaðnum sett á lagersvæði á lóð og nýtt í nálægar framkvæmdir á rekstrartíma hans.

Svæðið sem umræðir er um 30 ha að stærð og er núverandi landnotkun á svæðinu landbúnaðarsvæði en er breytt í blandaða landnotkun sorpförgunar- og efnistökusvæði. Gerð er breyting á kafla 3.7 Sorphirða/sorpförgun þar sem gert er ráð fyrir nýju sorpförgunarsvæði í landi Sölvabakka með heimild til förgunar á allt að 11.000 tonn um og kafla 3.6 Efnistökusvæði þar sem bætt er við nýju malar efnistökusvæði í landi Sölvabakka.

Landið er að mestu sléttur melur sem hallar lítilega í átt til sjávar en neðst á svæðinu eru brattar malar- og leirbrekkur sem ná niður í fjöru, stysta fjarlægð frá lóð að sjó er um 60 m. Í melnum innan framkvæmdarsvæðis eru þrír skorningar í landinu sem eru rof eftir vorleysingarläcki, en þar er ekki rennandi vatn að ráði á öðrum árstímum. Ekkert vatn er sýnilegt innan svæðisins í þurrviðri enda er melurinn gljúpur og þurr og þegar rignir hripar rigningarvatn jafnðóðum niður í jörðina.

Fyrirhugað er að koma jarðefnum sem koma úr myndun urðunarhólfa í nýtingu á og utan framkvæmdarsvæðis eins og mögulegt er, t.d. í vegagerð. Með nýtingu jarðefna úr melnum skapast tækifæri til að loka öðrum efnistökustöðum í nágrenninu sem eru á viðkvæmum svæðum eða til að seinka því að opna þurfi nýja. Möguleiki er á að nýta a.m.k. 8.000 m² af jarðefnum árlega, en nánari könnun og reynsla verður að leiða í ljós gæði efnisins og hagkvæmni vinnslu þess. Hluti jarðefna nýtist við uppbyggingu urðunarstaðar og í rekstri hans í vega- og slóðagerð og hulu á úrgang auk jafnana efn með þarf. Ef ekki finnst nýting fyrir jarðefni í verkefni utan svæðis verður efni notað í landmótun á lóðinni í samræði við skipulagsyfirlöð og landeiganda.

Um 400 m eru frá svæðinu að þjóðvegi nr. 741, Neðribyggðarvegi og um 1.700 m að þjóðvegi nr. 74, Skagastrandarvegi.

Fyrir liggur deiliskipulagstillaga af svæðinu og skv. henni eru engar skráðar fornminjar á framkvæmdarsvæðinu og engin skráð verndarsvæði ná inn á framkvæmdarsvæðið.


Urðunarstaðurinn verður hannaður í samræmi við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Einnig verður höfð hliðsjón af reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gert er ráð fyrir að það þurfi 0,2 - 0,5 ha á ári fyrir urðunina sjálfa. Urðunarstaðirnir sem nú eru starfandi uppfylla ekki þær kröfur sem settar eru í ákvæðum laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

2. Hnjúkar í Blönduósbæ landbúnaðarsvæði og opnu svæði til sérstakra nota breytt í iðnaðar- og athafnasvæði

Í landi Hnjúka er gert ráð fyrir nýju iðnaðar- og athafnasvæði með blandaðri landnotkun iðnaðar og athafna á svæði þar sem nú er landbúnaðarland og reiðvöllur.

Gerð er breyting á kafla 3.3 Opin svæði til sérstakra nota þar sem annar reiðvöllurinn rétt austan við Blönduós við hesthúshverfið er felldur út og kafla 3.1.3 Iðnaðar- og athafnasvæði þar sem gert er ráð fyrir nýrri blandaðri landnotkun iðnaðar og athafna á tæpum 500 ha í landi Hnjúka. Svæðið er ætlað undir orkufréka atvinnustarfsemi, gagnaver en að hámarki 10% svæðisins verður nýtt fyrir iðnað sem verður varaafliðstöð til að tryggja rekstaröryggi.

Sveitarfélagið Blönduós er að stefna að uppbyggingu orkufrékrar atvinnustarfsemi í jaðri Blönduósbæjar og samræmist svæðið vel stefnu gildandi svæðisskipulagsins þar sem stefnt er að því að kanna möguleikar á orkufrækum iðnaði á svæðinu. Undanfarin ár hefur heldur dregið úr fjölgun íbúa á Blönduósi og í sýslunni allri sem og úr umsvifum á nokkrum sviðum atvinnulífsins og því er þörf á að endurskoða möguleika og skapa ný sóknarfæri fyrir atvinnulífi sveitarfélagsins.



Svæðisskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 13. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt í samvinnunefnd þann __.2009.

Svæðisskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann __. 2009.

Svæðisskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra þann __. 2009.

Breytingin er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 105/2000 m.s.br.

AUSTUR - HÚNAVATNSSÝSLA

VERNALUR - HREPPAFANGIÐ	
LANDMÖTUN	SKIPULAGSSTOFN
SVÆÐISSKIPULAG FYRIR	
AUSTUR HÚNAVATNSSÝSLU 2004-2016	
SVÆÐISSKIPULAGSBREYTING	
KUÐI 1: 50.000	KUÐI 2: 10.000
VERND:	TEKNI:
5600-S513	00